



Borgarráð

Reykjavík, 19. janúar 2026

MSS26010090

Úthlutun úr minningarsjóði Gunnars Thoroddsen

Þann 15. janúar 2026 var úthlutað úr Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen í 39. sinn og var það Bergið headspace sem hlaut styrk. Bergið headspace er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri. Markmið Bergsins er að bjóða upp á lágpröskuldapjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Styrkur úr sjóðnum er 800.000 kr. en fjölskylda Gunnars Thoroddsen leggur jafnframt sjálf til 200.000 kr. sem gerir heildarfjárhæð til verkefnisins 1.000.000 kr.

Greinargerð:

Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen (f.29.12.1910, d. 1983) var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarð Briem þann 29. desember 1985 þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars. Sjóðurinn er í vörslu borgarstjórans í Reykjavík, sem ákveður úthlutun úr honum að höfðu samráði við börn Gunnars Thoroddsen. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga, hópa, stofnana eða félaga, eða veita verðlaun eða lán í sambandi við rannsóknir, tilraunir eða skylda starfsemi á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála, sem Gunnar Thoroddsen lét sérstaklega til sín taka sem borgarfulltrúi og borgarstjóri. Alls hafa 40 einstaklingar, hópar eða félagasamtök fengið styrki úr sjóðnum frá upphafi hans. Þann 27. september 2017 var samþykkt í borgarráði að efla sjóðinn með það að markmiði að sjóðurinn standi undir áframhaldandi úthlutunum í samræmi við stofnskrá hans. Þann 15. janúar var úthlutað úr sjóðnum í 39. sinn og var það Bergið headspace sem hlaut styrk en Bergið headspace er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri. Markmið Bergsins er að bjóða upp á lágpröskuldapjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf.

Heiða Björg Hilmsdóttir
borgarstjóri



Reykjavík